61 **Yfirlit yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands við árslok 1903.**

Eignir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Veðskuldabrjef | kr. | 294811 32 |
| 2. | Skuldabrjef prestakalla | — | 4805 00 |
| 3. | Skuldabrjef Reykjavíkur | — | 600 00 |
| 4. | Ógreiddir vextir | — | 382 62 |
| 5. | Innstæða í Landsbankanum | — | 1960 50 |
| 6. | Í sjóði hjá fjehirði | — | 1354 01 |
| | | Kr. | 303913 45 |

Gjöld:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Innstæða vaxtaeigenda: | | | | |
| | a. í aðaldeild | kr. | 245206 69 | | |
| | Þaraf í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu kr. 1813 59 | | | | |
| | b. Í útborgunardeild | kr. | 30852 30 | | |
| | c. Í bústofnsdeild | — | 9499 47 | | |
| | d. Í ellistyrksdeild | — | 733 88 | kr. | 286292 34 |
| 2. | Vextir er bíða útborgunar | | | — | 4447 44 |
| 3. | Höfuðstóll er bíður útborgunar | | | — | 3 00 |
| 4. | Varasjóður | | | — | 13170 67 |
| | | | | Kr. | 303913 45 |

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands, Reykjavík 22. febr. 1904.

*Eiríkur Briem. Jón Jensson. Magnús Stephensen.*

62

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Ørum & Wulffs 1903.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sjóður frá f. ári: | | |
| | Innritunarskírteini A fol. 92 | kr. | 4000 00 |
| 2. | Vextir | — | 140 00 |
| | | Kr. | 4140 00 |

Gjöld:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Veittur styrkur: | | | | |
| | a. Karli Ásgrímssyni frá Halldórsstöðum í Kinn | kr. | 70 00 | | |
| | b. Jóni Vilhjálmssyni frá Gíslastöðum á Völlum | — | 70 00 | kr. | 140 00 |
| | | | | Flyt kr. | 140 00 |

Fluttar kr. 140 00 **62**

2. Sjóður 31. desbr. 1903:
Innritunarskírteini A. fol. 92 . . . . . . . . . . . . . kr. 4000 00

kr. 4140 00

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri 14. jan. 1904.
*Páll Briem. St. Guðjohnsen.*

## Embættaveiting m. m., lausn og skipun.

### a. Lausn.

25. apríl veitti Hans hátign konungurinn rektor við hinn lærða skóla í Reykjavík Dr. phil. Birni M. Ólsen samkvæmt beiðni hans lausn í náð frá embætti frá 1. október 1904 að telja með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

11. maí var síra Arnóri Árnasyni presti í Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi af stjórnarráði Íslands veitt lausn frá embætti frá fardögum 1904 að telja með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

### b. Skipun m. m.

30. apríl skipaði ráðherra Íslands, samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. marz 1904, í milliþinganefnd í landbúnaðarmálum þá:

Lektor Þórhall Bjarnarson, sem formann.
Alþingismann Hermann Jónasson á Þingeyrum og
Umboðsmann Pjetur Jónsson á Gautlöndum.

25. apríl var rektor Dr. phil. Björn M. Ólsen, r. af Dbr., allramildilegast útnefndur prófessor með metorðum í 3. flokki nr. 9 í metorðaskránni frá 1. október 1904 að telja.

2. maí var presti að Eyvindarhólum síra Jes A. Gíslasyni veitt Mýrdalsþingaprestakall í Vesturskaptafellsprófastsdæmi.

2. maí skipaði stjórnarráðið cand. phil. Pjetur Hjaltesteð, til þess að vera fyrst um sinn skráritari vörumerkja í Reykjavík.

14. maí skipaði stjórnarráðið verzlunarstjóra Ólaf Davíðsson á Vopnafirði bókara við Landsbankann.

18. maí var presti í Landeyjaþingum síra Magnúsi Þorsteinssyni veitt Mosfellsprestakall í Kjalarnesprófastsdæmi.